

19. pistill. Norræn samvinna í rannsóknum á Alzheimer sjúkdómi.

Árið 2008 var stofnað til tengslanets átta minnismóttaka á Norðurlöndunum og Litháen. Netið kallast “Nordic network in dementia diagnostics”, skammstafað NIDD og til þess fékkst í upphafi fjármagn frá Norforsk sem er á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Eins og nafnið gefur til kynna var ætlunin að beina sjónum að greiningaraðferðum í heilabilun. Á fyrsta fundi í Svíþjóð var ákveðið að leggja áherslu á símenntun og vísindarannsóknir. Byrjað var á að hafa sameiginlegar kynningar og haldnir stuttir fræðslufundir fyrir fagfólk sem starfar á minnismóttökum. Síðar var ákveðið að stækka vettvanginn með því að halda ráðstefnur. Tvær norrænar minnismóttökuráðstefnur hafa verið haldnar hingað til, sú fyrri í Osló árið 2017 og sú seinni í Reyjavík árið 2019. Til stóð að halda þá næstu vorið 2021 í Kuopio í Finnlandi en vegna faraldursins hefur henni hefur verið frestað til febrúar 2022. Haldið er úti heimasíðu (www.nidd-dementia.org) sem framan af var hýst í Noregi en hýsingin hefur nú flust hingað til lands og er stjórnað af minnismóttökunni á Landakoti.

Breytingar hafa orðið á samsetningu NIDD tengslanetsins síðustu ár.

Minnismóttakan í Kaunas í Litháen er ekki lengur með en aðrar hafa bæst við; frá Malmö í Svíþjóð og Helsinki í Finnlandi. Þátttakendur eru því orðnir níu, tveir frá hverju hinna Norðurlandanna en frá Íslandi er minnismóttakan á Landakoti eini þátttakandinn. Venjulega er fundað tvisvar á ári en í faraldrinum hafa fundirnir farið fram á netinu og verið oftar. Því má segja að samskiptin hafi aukist. Á þessu ári (2021) var að frumkvæði minnismóttökunnar í Hróarskeldu í Danmörku stofnaður hópur hjúkrunarfræðinga sem fundar sérstaklega.

Mestur kraftur hefur þó farið í tvö vísindarannsóknaverkefni. Í fyrri rannsókninni sem fór fram 2011-2014 var metið notagildi heilarits við greiningu á orsökum vitrænnar skerðingar og heilabilunar. Notuð var aðferðin sem þróuð var hjá Mentis Cura í Reykjavík. Í þessari rannsókn reyndist heilaritið þokkalegt til greiningar á Alzheimer sjúkdómi ef það var notað eitt og sér en virtist vera mjög gott til greiningar á Lewy sjúkdómi [1]. Ef segulómun af heila var tekin inn í myndina virtist sem þessar tvær aðferðir saman væru betri til greiningar á Alzheimer sjúkdómi en hvor um sig [2]. Síðari rannsóknin hófst árið 2018 og lýkur í júní 2021 en þegar er búið að birta fyrstu niðurstöður sem fjalla um framvindu vitrænnar skerðingar [3]. Metin var framvindan hjá þeim sem

greindust með upplifað minnistap eða væga vitræna skerðingu í fyrri rannsókninni (sjá skilgreiningar í nánar 3. pistil um forstígg heilabilunar). Liðin voru að meðaltali fimm ár frá fyrri skoðun til þeirrar síðari og forvitnilegt að sjá hvað hafði gerst. Í ljós kom að meðal þeirra sem fengu í upphafi greininguna upplifað minnistap voru 16% komnir með heilabilun fimm árum síðar sem ekki telst vera mikil áhætta því meðalaldurinn var um sjötugt við fyrstu skoðun. Annað var upp á teningnum hjá þeim sem voru upphaflega greindir með væga vitræna skerðingu en 71% þeirra reyndust vera komnir með heilabilun fimm árum síðar [3]. Þetta er því ástand sem ber að taka alvarlega. Þegar rannsókninni verður endanlega lokið sumarið 2021 verður lagt mat á hvaða forspárgildi heilaritið hafði varðandi horfur á heilabilun en það var höfuðmarkmið rannsóknarinnar.

Heimildir

1. Knut Engedal, Jon Snaedal, Peter Hoegh, Vesna Jelic, Birgitte Bo Andersen, Mala Naik, Thorkell Eli Gudmundsson, Anne-Rita Øksengaard and Lars-Olof Wahlund. Quantitative EEG Applying the Statistical Recognition Pattern Method: A Useful Tool in Dementia Diagnostic Workup. *Dement Geriatr Cogn Disord.* 2015; 40(1-2): 1–12.
2. Daniel Ferreira, Vesna Jelic, Lena Cavallin, Anne Rita Oeksengaard, Jon Snaedal, Peter Hogh. Birgitte Bo Andersen, Mala Naik, Knut Engedal, Eric Westman, and Lars-Olof Wahlund. Electroencephalography is a Good Complement to Currently Established Dementia Biomarkers. *Dement Geriatr Cogn Disord.* 2016; 42(1-2): 80–92.
3. Knut Engedal, Maria Lage Barca, Peter Høgh, Birgitte Bo Andersen, Nanna Winther Dombernowsky, Mala Naik, Thorkell Eli Gudmundsson, Anne-Rita Øksengaard, Lars-Olof Wahlund and Jon Snaedal. The Power of EEG to Predict Conversion from Mild Cognitive Impairment and Subjective Cognitive Decline to Dementia. *Dement Geriatr Cogn Disord.* 2020; 49:38-47.